

149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 967 — 575. mál.

Fyrirspurn

til félags- og barnamálaráðherra um tillögur að breyttu greiðslufyrirkomulagi
á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

Hefur starfshópur sem þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði til að gera tillögur að breyttu greiðslufyrirkomulagi á dvalar- og hjúkrunarheimilum, sbr. svar á þskj. 1249 á 145. löggjafarþingi (601. mál), skilað tillögum og ef svo er, hverjar eru þær? Hvenær er áætlað að breyttu greiðslufyrirkomulagi verði komið á? Ef starfshópurinn hefur ekki skilað tillögum sínum, hvenær áætla ráðherra að það verði?

Skriflegt svar óskast.